

Alþingi

Nefndasvið (nefndasvid@althingi.is)

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Sent með tölvupósti

Efni: Umsögn laganeftndar Lögmannafélags Íslands við frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu), 153. löggjafarþing 2022-2023 – 535. mál

Laganeftnd Lögmannafélags Íslands fékk ofangreint frumvarp sent til umsagnar með tölvupósti 13. febrúar sl. Laganeftnd skilaði meðfylgjandi athugasemdum dags. 23. mars 2022 við drög að frumvarpinu í samráðsgátt þar sem laganeftnd lagði til að frumvarpið yrði skoðað betur. Svo virðist sem lítið sem ekkert tillit hafi verið tekið til athugasemda nefndarinnar við vinnslu frumvarpsins og eru þær því ítrekaðar.

Í grunninn snúa athugasemdir laganeftndar í fyrsta lagi að hinu tímabundna og óslitna eftirliti sem virðist felast í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins miðað við athugasemdir við ákvæðið í greinargerð. Við lestur ákvæðisins er ekki augljóst að ákvæðið mæli fyrir um slíka heimild til eftirlits sem felur óneitanlega í sér skerðingu á friðhelgi einkalífs viðkomandi. Laganeftnd telur nauðsynlegt að mælt sé skýrlega fyrir um þessa heimild í sjálfum lagatextanum og að eftirlit samkvæmt henni sé skýrt afmarkað. Þá þykir laganeftnd að heimildir skv. 1. mgr. ættu að miðast við tiltekinn alvarleika brota líkt og gildir um beitingu þvingunarráðstafana samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. t.d. 2. mgr. 83. gr. varðandi símhlustun. Sú víðtæka meðferð upplýsinga sem ákvæðið mælir fyrir um þarf að réttlætast af almannahagsmunum og við mat á því hvort vinnslan sé viðeigandi hlýtur alvarleiki brots að hafa þýðingu. Í raun virðist ákvæðið í núverandi mynd bjóða upp á afar víðtæka upplýsingasöfnun um almenna borgara.

Í annan stað lúta athugasemdir laganeftndar að því að framkvæmdarvaldshöfum sé falið óheft ákvörðunarvald um það inngrip í friðhelgi einkalífs almennings sem ákvæði frumvarpsins fela í sér. Mun meira réttaröryggi fælist í því að slíkar aðgerðir yrðu ákvarðaðar samkvæmt úrskurði dómara með sama hætti og þvingunarráðstafanir samkvæmt lögum um meðferð sakamála. Í undantekningartilvikum væri þó hægt að mæla fyrir um heimild lögreglu að grípa til úrræða án dómsúrskurðar, t.d. ef brýn hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum. Þá þykir laganeftnd nauðsynlegt að þeim sem sætir eftirliti samkvæmt ákvæðum frumvarpsins sé ávallt tilkynnt um að hann hafi sætt eftirliti eftir því lýkur, eins og á við um þvingunarráðstafanir samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

LAGANEFND LMFÍ

Laganefnd vísar að öðru leyti til meðfylgjandi athugasemda nefndarinnar við drög að frumvarpinu í samráðsgátt.

Laganefnd LMFÍ leggur til að frumvarpið verði skoðað betur. Fulltrúar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund í allsherjar- og menntamálanefnd til að fylgja eftir þessari umsögn ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ

Jón Gunnar Ásbjörnsson

Þyrí Steingrímsdóttir

Dómsmálaráðuneytið

Sölvhólgötu 7

101 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2022

Efni: Athugasemdir laganefndar Lögmannafélags Íslands við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996 (afbrotavarnir og vopnaburður), 152. löggjafarþing 2021-2022

I. Um frumvarpsdrögin

Laganefnd Lögmannafélags Íslands (LMFÍ) hefur skoðað ofangreind frumvarpsdrög inni á samráðsgátt. Laganefnd telur tilefni til að gera eftirfarandi athugasemdir við 3. grein frumvarpsdraganna um aðgerðir í þágu afbrotavarna.

II. Umsögn laganefndar

Í 1. mgr. 3. gr. frumvarpsdraganna segir að í því skyni að stemma stigu við afbrotum sé lögreglu heimilt að „nýta, þ.m.t. greiningar, allar þær upplýsingar sem hún býr yfir eða aflar við framkvæmd almennra löggæslustarfa og frumkvæðisverkefna, þar á meðal samskipti við uppljóstrara, eftirlit á almannafæri og vöktun vefsíðna sem opnar eru almenningi“.

Í athugasemdum við málsgreinina í frumvarpsdrögunum segir að eftirlit samkvæmt þessu ákvæði skuli ávallt vera almenns eðlis, þ.e. að það skuli beinast að tilteknu svæði eða óafmörkuðum hópi fólks. Þá er í dæmaskyni nefnt að í þessu ákvæði felist heimild lögreglu til að viðhafa rafræna vöktun á þessum svæðum, þ. á m. með eftirlitsmyndarvélum. Þá segir í athugasemdunum að við þetta almenna eftirlit geti komið til þess að lögregla telji þörf á að veita tilteknum einstaklingi eða einstaklingum nánari athygli í skamman tíma, t.d. til að staðreyna grun um afbrot. Sé þá lögreglu heimilt að viðhafa *tímabundið og óslitið* eftirlit með einstaklingi, hvort sem það sé með eftirlitsmyndarvélum eða lögreglumönnum, og falli það undir almennt eftirlit samkvæmt ákvæðinu og sæti því ekki þeim skilyrðum „sem kveðið er á um í 3. mgr.“, sem á væntanlega að vera tilvísun til 2. mgr. en ekki 3. mgr. greinarinnar.

Í umræddri 2. mgr. er kveðið á um að hafi lögregla upplýsingar um að tiltekinn einstaklingur eða hópur einstaklinga hafi tengsl við skipulagða brotastarfsemi eða af þeim kunni að stafa sérgreind hættu fyrir almannaöryggi sé lögreglu heimilt að hafa eftirlit með viðkomandi. Auk þess að afla upplýsinga skv. 1. mgr. geti lögregla fylgst með ferðum hans á almannafæri eða öðrum stöðum sem almenningur á aðgang að. Í lagaákvæðinu er hvorki tiltekið að slíkt eftirlit með einstaklingi sem verður til útfrá almennu eftirliti skuli vera tímabundið og óslitið né heldur er á nokkurn hátt slíkt eftirlit afmarkað, sem gefur til kynna að heimildin teljist víðtæk. Laganefnd telur það vera verulegan ágalla á lagaákvæðinu, enda verður slíkt eftirlit með einstaklingi, sem er inngrip í friðhelgi einkalíf hans, að vera skýrt afmarkað í lögum.

LAGANEFND LMFÍ

Í ljósi þeirra skerðinga á stjórnarskrárvörðum réttindum til friðhelgi einkalífs sem felast í eftirliti þyrfti þetta atriði því að vera skýrara í lagatextanum. Eins þykir laganefnd að mörkin á milli hins óslitna eftirlits, sem mælt er fyrir um í athugasemdum við 1. mgr., og eftirlits samkvæmt 2. mgr. að sumu leyti óskýr og kunna að bjóða upp á óvissu varðandi undir hvort ákvæðið eftirlit heyri.

Að sama skapi er mælt fyrir um það í athugasemdum við 2. mgr. að við beitingu úrræðis þess ákvæðis sé lögreglu heimilt að taka ljósmyndir og kvikmyndir án þess að þeir sem í hlut eigi viti af því. Laganefnd þykir ekki fyllilega skýrt hvort að lögreglu eigi með svipuðum hætti að vera heimilt að taka upp eða geyma myndefni úr eftirlitsmyndavélum við eftirlit samkvæmt 1. mgr. og eftir atvikum skoða það síðar og eins hvort heimilt sé að nota slíkar upptökur sem sönnunargagn í sakamáli gegn viðkomandi.

Í ljósi þeirrar skerðingar sem sérstaklega 2. mgr. felur í sér á stjórnarskrárvörðum rétti til friðhelgi einkalífs er laganefnd þeirrar skoðunar að ekki sé nægilegt að mat og ákvarðanataka um að viðhafa einstaklingsbundið eftirlit sé í höndum lögreglustjóra eða eftir atvikum öðrum yfirmanni. Mun meira réttaröryggi fælist í því að slíkar aðgerðir yrðu ákvarðaðar samkvæmt úrskurði dómara með sama hætti og aðgerðir samkvæmt 4. mgr. Í undantekningartilvikum væri þó e.t.v. hægt að mæla fyrir heimild lögreglu að grípa til úrræða án dómsúrskurðar eða með þeim hætti að leita yrði dómsúrskurðar eftir að eftirlitinu lýkur.

Hið sama á við um öflun upplýsinga frá þriðja aðila skv. 3. mgr. ákvæðisins, sem kveður á um afar víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar af hálfu lögreglu. Ekki kemur fram í ákvæðinu í hvers höndum matið eða ákvarðanatakan er og mætti af ákvæðinu ráða að það gæti verið í höndum hvaða lögreglumanns sem er. Laganefnd telur óhjákvæmilegt að leita þurfi dómsúrskurðar fyrir slíkri gagnaöflun sem ákvæðið ber með sér og gerir því veigamiklar athugasemdir við ákvæðið í þeirri mynd sem það er í frumvarpinu.

Að lokum veltir laganefnd því fyrir sér, í ljósi áðurnefndra stjórnarskrárvarinna réttinda, hvort afmarka ætti heimildir skv. 1. mgr. um vinnslu upplýsinga við tiltekinn alvarleika afbrota. Ljóst er að sú víðtæka meðferð upplýsinga sem ákvæðið segir til um þarf að réttlætast af almannahagsmunum og við mat á því hvort vinnslan sé viðeigandi hlýtur alvarleiki brots að hafa þýðingu. Laganefnd ætlar ekki að taka af skarið í þessum efnum en veltir einfaldlega upp þeirri spurningu hvort unnt eigi að vera að beita 1. mgr. til að upplýsa eða koma í veg fyrir afbrot sem telja má minni háttar.

III. Lokaorð.

Laganefnd LMFÍ leggur til að frumvarpið verði skoðað betur. Fulltrúar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund í ráðuneytinu til að fylgja eftir þessari umsögn ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,

f.h. laganefndar LMFÍ

Jón Gunnar Ásbjörnsson

Þyrí Steingrímsdóttir